



**Alþingi  
Nefndarsvið  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 -10**

150 Reykjavík

13. október 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnað - 13. mál**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði, 13. mál. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök sprotarfyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um tillöguna.

Í þingsályktunartillöggunni felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa og hrinda í framkvæmd eftirfarandi aðgerðum í því skyni að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði:

**1. Aukin fjárfesting í tækni- og hugverkafyrirtækjum.**

- Fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga þar sem kveðið verði á um auknar helmildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum.
- Gert verði ráð fyrir fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2015 til að beita sértækum ívílnunum vegna nýfjárfestinga sem miða m.a. að því að auka fjárfestingar í rannsóknar- og þróunarverkefnum og þjálfun starfsfólks. Íslandsstofu verði falið að markaðssetja og kynna slíkar ívílnanir, hér á landi og erlendis, í samráði við Samtök iðnaðarins.
- Byggð verði upp upplýsingaveita í samstarfi við hagsmunaaðila um tækni- og hugverkafyrirtæki sem leita eftir fjárfestum.
- Iðnaðar- og viðskiptaráðherra móti fjárfestingarstefnu fyrir grænan fjárfestingarsjóð í samráði við Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Lögð verði áhersla á fjárfestingar í tækni- og hugverkafyrirtækjum á sviði umhverfistækni eða visthæfra lausna.

**2. Breytingar á skattalögum.**

- Fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga um skattaívílnun til handa einstaklingum sem annars vegar fjárfesta beint í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og hins vegar í fjárfestingarsjóðum sem fjárfesta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- Fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga um lækkun tryggingagjalds.

**3. Efling verk- og tæknináms.**

Mennta- og menningarmálaráðherra hrindi í framkvæmd aðgerðaáætlun um eflingu verk- og tæknináms á Íslandi með það að markmiði að nemendum í slíku námi fjölgji. -


Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök sprotafyrirtækja fagna hverju skrefi í þá átt að koma fjármagni í vinnu í atvinnulífinu og virkja skattalegra hvata í því sambandi, enda í góðum takti við þá stefnu sem mótuð hefur verið á Hátækni- og sprotavettvangi sem er samstarfsverttvangur fyrirtækja í tækni og hugverkagreinum við forsætis-, fjármála-, iðnaðar-, meñnta-, utanríkis- og velferðarráðuneyti. Samtökin hafa elnnig um langt árabil lagt áherslu á eflingu verk- og tæknináms til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækja sem í vaxandi mæli þurfa á starfkröftum með sílka þekkingu að halda.

Aðgerðir eins og þær sem koma fram í þessari þingsályktunartillögu eru vel til þess fallnar að efla verðmætasköpun og útflutning í atvinnulífinu, jafnframt því að auka skatttekjur ríkissjóðs bæði til skamms og langs tíma. Ísland á að gera verið aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun, en þarf núna að bregðast hratt við auknum brottflutningi í þessum geira sem því miður gerði vart við sig á síðasta ári.

Til viðbótar við þau atriði sem nefnd eru í þingályktunartillöggunni benda samtökin á að brýnt er að framlengja lög nr. 152 frá 2009 „um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki“, en þessi lög eru með sólarlagsákvæði sem fella lögin úr gildi í árslok 2014 verði þeim ekki breytt fyrir þann tíma. Þá er nauðsynlegt að álykta um áframhaldandi uppbyggingu Tækniþróunarsjóðs. Í tengslum við pkt. 1 má benda á að samfara auknum heimildum lífeyrissjóða til fjárfestingar í óskráðum bréfum þarf einnig að horfa til hvata (t.d. með undanþágu frá gjaldeyrishöftum) til lífeyrissjóða til að nýta þær heimildir sem þeir hafa og taka þátt í stefnumarkandi fjárfestingum á sviðum sem íslensk fyrirtæki geta gert sig gildandi á alþjóðlegum markaði t.d. með þátttöku í sameiningum minni fyrirtækja og uppkaupum á erlendum fyrirtækjum á viðkomandi sviðum. Að auki þyrfti, í tengslum við pkt. 3, að huga betur að Nýsköpunarsjóði námsmanna og gera honum kleift að auka hvatningu til nemenda til samstarfs við fyrirtæki.

Bent er á að nokkur af þessum verkefnum eru þegar á verkefnista ríkisstjórnarinnar sem vekur vissulegar vonir um að hluti þessara aðgerða komist í framkvæmd. Engu að síður er mikilvægt að Alþingi sýni samstöðu um að fylgja þessum málum fast eftir, því reynslan sýnir að slík mál vilja dragast í framkvæmd hjá ráðuneytum og verða undir í forgangi í erilsömu starfi þeirra.

Þingsályktunartillaða af þessu tagi er til þess fallin að auka aðhald og einurð um að gefa þessum mikilvæga málaflokkni aukið vægi, ef Alþingi samþykkir hana og því myndu samtökin taka fagnandi.



Fh. Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins Samtaka sprotafyrirtækja